



**Byggðastofnun**

**Árshlutareikningur janúar - júní 2010**

Ártorg 1  
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

# Efnisyfirlit

---

Áritun stjórnar.....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðenda.....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar með árshlutareikningi.....	7

# Áritun og skýrsla stjórnar Byggðastofnunar

---

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri stofnunarinnar á tímabilinu 992 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi nam 1.138 millj. kr. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 5,18 %

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2010.

Forstjóri

Forstöðumaður rekstrarsviðs

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Árshlutareikning þennan fyrir Byggðastofnun fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010 höfum við í umboði Ríkisendurskoðunar kannað, en hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitnesku um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós slíkt álit.

## Ályktun

Könnun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Byggðastofnunar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2010, efnahag hennar 30. júní 2010 og breytingu á handbæru fé 1. janúar til 30. júní 2010.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við árshlutareikninginn viljum við benda á að samkvæmt lögum nr. 161/2002, lög um fjármálafyrirtæki, skal eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækja nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Samanber skýringu nr. 14 var eiginfjárgrunnur Byggðastofnunar 5,18% þann 30. júní 2010.

Reykjavík, 27. ágúst 2010.

**Ernst & Young hf.**

---

Árni Snæbjörnsson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2010

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2010	2009
	<i>Skýr.</i>	janúar - júní
<b>Vaxtatekjur</b>		
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....	82.007	188.671
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....	<u>645.185</u>	<u>829.427</u>
	<u>727.192</u>	<u>1.018.099</u>
<b>Vaxtagjöld</b>		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....	466.873	591.225
Önnur vaxtagjöld.....	<u>1.100</u>	<u>1.303</u>
	<u>467.972</u>	<u>592.527</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>259.220</u>	<u>425.572</u>
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	182.850	195.200
Annað framlag ríkissjóðs.....	4	25.375
Gengismunur.....	(117.947)	81.265
Aðrar rekstrartekjur.....	<u>7.563</u>	<u>19.523</u>
	<u>97.841</u>	<u>310.189</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>357.061</u>	<u>735.760</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Veittir styrkir til atvinnuþróunarfélaga.....	77.333	77.730
Veittir aðrir styrkir.....	27.875	14.700
Laun og launatengd gjöld.....	3	84.238
Annar rekstrarkostnaður.....	55.372	61.729
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	1.546	1.546
Framlög í afskriftar. útlána og matsbreyting hlutabréfa	2,8	1.102.353
	<u>1.348.717</u>	<u>2.161.483</u>
	<u>1.348.717</u>	<u>2.399.054</u>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<u>(991.656)</u>	<u>(1.663.293)</u>

# Efnahagsreikningur

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýr 30.6.2010 31.12.2009

## Eignir

### Sjóður og kröfur á lánastofnanir

Bankainnstæður og verðbréf.....	5	<u>1.958.425</u>	<u>2.167.413</u>
---------------------------------	---	------------------	------------------

## Útlán

Útlán til viðskiptavina.....	6	15.598.543	17.412.611
Fullnustueignir.....	7	<u>700.384</u>	<u>350.755</u>
		<u>16.298.927</u>	<u>17.763.366</u>

## Eignahlutir í félögum

Hlutabréf.....	9	<u>1.046.095</u>	<u>1.054.191</u>
		<u>1.046.095</u>	<u>1.054.191</u>

## Aðrar eignir

Skuldunautar.....		91.431	2.675.108
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	<u>62.845</u>	<u>54.223</u>
		<u>154.276</u>	<u>2.729.331</u>

Eignir samtals 19.457.723 23.714.302

# 30. júní 2010

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

*Skýr.* 30.6.2010 31.12.2009

## **Skuldir og eigið fé**

### Lántökur

Verðbréfaútgáfa.....	4.426.472	7.606.178
Lán frá lánastofnunum.....	<u>13.777.378</u>	<u>14.832.426</u>
	<u>12</u> <u>18.203.850</u>	<u>22.438.604</u>

### Aðrar skuldir

Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða.....	19.711	19.383
Skuldheimtumenn.....	95.898	126.394
	<u>115.609</u>	<u>145.778</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<u>18.319.458</u>	<u>22.584.381</u>

Eigið fé.....	13	1.138.265	1.129.921
---------------	----	-----------	-----------

<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<u>19.457.723</u>	<u>23.714.302</u>
------------------------------------	-------------------	-------------------

### Utan efnahagsreiknings

Veittar ábyrgðir.....	374.503	368.282
-----------------------	---------	---------

# Sjóðstreymi janúar - júní 2010

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2010	2009
	janúar - júní	janúar - júní
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		
Hagnaður (tap) tímabilsins .....	(991.656)	(1.663.293)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlag í afskriftareikn. útlána og niðurfært hlutafé....	1.102.353	2.164.921
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	1.546	1.546
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(2.207.891)	(50.272)
Ógreiddir styrkir.....	(8.000)	(5.000)
Handbært fé frá rekstri	<u>(2.103.648)</u>	<u>447.902</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Afborganir útlána.....	193.375	242.509
Veitt lán.....	(220.019)	(651.755)
Innleystar eignir.....	(2.348)	6.155
Hlutabréf.....	(10.836)	(9.000)
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(10.167)	(5.724)
Skuldunautar.....	<u>2.585.688</u>	<u>8.937</u>
Fjárfestingarhreyfingar	<u>2.535.693</u>	<u>(664.964)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir af lántökum.....	(1.616.526)	(556.468)
Nýjar lántökur.....	0	1.000.000
Framlag ríkissjóðs.....	1.000.000	0
Skuldheimtumenn.....	<u>(24.508)</u>	<u>30.396</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(641.033)</u>	<u>473.928</u>
Hækjun (lækkun) á handbæru fé .....	(208.988)	256.866
Handbært fé í ársbyrjun .....	2.167.413	2.472.498
Handbært fé í lok tímabils .....	5	<u>1.958.425</u>
		<u>2.729.364</u>

# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 1. Upplýsingar um félagið

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

## 2. Reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar fjárfestingareignir, afleiður og fjármálagerninga sem ætlunin er að selja aftur og metið er til gangvirðis. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákværðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2010. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu.

### Afskriftarreikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftareikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarvirði eða gangvirði þar sem því verður við komið. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstur.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar stofnunarinnar eru flokkaðar í útlán og kröfur. Þær eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga þess eru skráð á viðskiptadegi, sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna.

## Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir, aðrar en afleiður, sem hafa fast eða fyrirfram ákveðið greiðsluflæði og eru ekki skráðar á virkum markaði. Útlán og kröfur eru almennt metnar á kostnaðarverði.

## Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frágægjinni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fjárfestingareigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2010 janúar-júní	2009 janúar-júní
Laun .....	66.082	65.841
Lífeyrissjóðsframlög .....	8.296	8.199
Önnur launatengd gjöld .....	9.860	7.826
Laun og launatengd gjöld alls .....	<u>84.238</u>	<u>81.866</u>

Að meðaltali störfuðu 20 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er óbreytt frá fyrra ári. Í lok tímabilsins voru 20 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 20.

## 4. Önnur framlög ríkissjóðs

	2010	2009
Framlag ríkissjóðs v/eflingar atvinnulífs .....	21.375	13.300
Framlag ríkissjóðs v/atvinnupróunarverkefna .....	4.000	900
Önnur framlög ríkissjóðs samtals .....	<u>25.375</u>	<u>14.200</u>

## 5. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

	30.6.2010	31.12.2009
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	366.204	2.162.639
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	8.943	4.774
Ríkisskuldabréf .....	1.583.278	0
Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals .....	<u>1.958.425</u>	<u>2.167.413</u>

## 6. Útlán til viðskiptavina

	30.6.2010	31.12.2009
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög .....	0,65%	0,57%
Einstaklingar .....	6,32%	5,82%
Sundurliðað eftir atvinnugreinum: .....		
Þjónustustarfsemi .....	38,82%	36,60%
Sjávarútvegur .....	29,98%	32,60%
Iðnaður .....	15,07%	15,97%
Fjármálastofnanir .....	6,50%	5,85%
Landbúnaður .....	2,67%	2,59%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

framhald....

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2010	31.12.2009
Gjaldkræfar kröfur .....	561.055	534.765
Allt að 3 mánuðum .....	454.967	275.757
Yfir 3 máð. og allt að 1 ári .....	863.388	1.079.371
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	4.574.559	5.073.926
Yfir 5 ár .....	9.144.574	10.448.792
	<u>15.598.543</u>	<u>17.412.611</u>

## 7. Fullnustueignir

	30.6.2010	31.12.2009
Fasteignir .....	699.784	350.155
Lausafjármunir .....	600	600
	<u>700.384</u>	<u>350.755</u>

## 8. Afskriftarreikningur útlána

Hreyfingar í þúsundum króna:

	30.6.2010	31.12.2009
Afskriftarreikningur í ársbyrjun .....	4.632.422	1.767.115
Framlag í afskriftarreikning á tímabilinu .....	1.053.106	3.295.694
Endanlega töpuð útlán .....	(576.647)	(430.387)
Staða afskriftarreiknings í lok tímabilsins .....	<u>5.108.881</u>	<u>4.632.422</u>

	janúar-júní	janúar-júní
Framlag á tímabilinu .....	1.053.106	1.930.923
Framlag vegna ábyrgða .....	327	336
Breytingar á mati hlutabréfaeignar .....	48.920	41.598
Virðisryrnun annarra krafna .....	0	192.064
Innkomin áður afskrifuð lán .....	0	(3.438)
Framlög í afskriftarreining skv. rekstrarreikningi .....	<u>1.102.353</u>	<u>2.161.483</u>

Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum .....

24,67%                    16,30%

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 9. Hlutafjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Fasteignarekstur	Eignarhluti	Nafnverð
Ámundarkinn ehf.	13,16%	19.000
Ásgarður ehf.	13,10%	15.000
Dalagisting ehf.	12,11%	8.000
Dýralíf ehf.	28,92%	4.000
Fasteignafélagið Borg ehf.	29,78%	18.825
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,86%	16.919
Grand hótel Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótel Hellissandur	24,98%	19.534
Hótel Norðurljós	46,40%	2.320
Tröllasteinn ehf.	18,92%	7.000
Urtusteinn ehf.	8,45%	32.818
<b>Fasteignarekstur samtals</b>		<b>153.416</b>

## Fjárfestingafélög

Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf	19,03%	96.840
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf.	38,77%	7.850
Fjárfestingafélagið Vör hf.	41,83%	35.940
Gjöll ehf.	22,04%	4.000
Hilda hf.	0,37%	354
Hvetjandi ehf.	49,85%	55.429
Saga eignarhaldsfélag hf.	0,37%	354
<b>Fjárfestingafélag samtals</b>		<b>309.909</b>

*framhald....*

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Ferðaþjónusta	Eignarhluti	Nafnverð
Brimnes hótel ehf. ....	12,00%	4.610
Ferðaskrifstofa Austurlands ehf. ....	29,03%	4.500
Hótel Flúðir hf. ....	19,38%	3.109
Hótel Húsavík hf. ....	0,38%	136
Hótel Valaskjálf hf. ....	18,80%	4.500
Hótel Varmahlíð hf. ....	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf. ....	19,70%	2.000
Hvíldarklettur ehf. ....	26,63%	30.000
Nes-Listamiðstöð ehf. ....	41,67%	5.000
P/F Smyril-line ....	1,30%	66.833
Rauðka ehf. ....	16,67%	2.000
Snorri Þorfinnsson ehf. ....	19,89%	12.000
Sæferðir ehf. ....	29,88%	24.503
Textílsetur Íslands ses. ....	32,15%	2.000
<b>Ferðaþjónusta samtals</b> ....		<b>164.191</b>

## Iðnaður

Barri hf. ....	53,60%	43.904
Borg, saumastofa ehf. ....	19,82%	170
Eðalís ehf. ....	11,06%	3.000
Fjallalamb ehf. ....	10,68%	10.000
Kjötorka ehf. ....	8,25%	2.000
Raflagnir Austurlands ehf. ....	22,37%	12.000
Sigurjón Magnússon ehf. ....	30,00%	214
Skaginn hf. ....	3,08%	5.928
TH ehf. ....	4,50%	2.000
Trico ehf. ....	33,33%	5.000
Ullarvinnsla Frú Láru ehf. ....	29,76%	2.500
Vilko ehf. ....	8,22%	2.955
Þörungaverksmiðjan hf. ....	27,67%	7.919
<b>Iðnaður samtals</b> ....		<b>97.590</b>

## Heilbrigðis- og líftæknifyrtæki

Globodent á Íslandi ehf. ....	7,20%	2.425
ORF Líftækni hf. ....	2,93%	3.339
<b>Heilbrigðis- og líftæknifyrtæki samtals</b> ....		<b>5.764</b>

## Landbúnaður

Fóðuriðjan Ólafsdal ehf. ....	28,57%	6.000
Sláturfélag Austurlands fsvf. ....	28,00%	18.000
Yrkjar ehf. ....	7,29%	1.800
<b>Landbúnaður samtals</b> ....		<b>25.800</b>

framhald....

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarráðgjöf	Eignarhluti	Nafnverð
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. ....	22,10%	1.933
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. ....	31,86%	1.833
Forsvar ehf. ....	12,28%	2.000
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf. ....	14,08%	7.000
<b>Rekstrarráðgjöf samtals .....</b>		<b>12.766</b>
<b>Sjávarútvegur</b>		
Bernskan ehf. ....	29,54%	14.532
Eignarhaldsfélagið Gláma hf. ....	36,52%	114.500
Kampi ehf. ....	35,35%	28.000
Norðurskel ehf. ....	1,34%	1.261
Reykofninn-Grundarfirði ehf. ....	15,26%	5.160
Tó hf. ....	10,40%	2.667
Þórsberg ehf. ....	7,65%	2.900
<b>Sjávarútvegur samtals .....</b>		<b>169.020</b>
<b>Upplýsingatækni</b>		
Gagnaveita Skagafjarðar hf. ....	5,39%	10.000
HotMobileMail ehf. ....	24,53%	15.000
Óley ehf. ....	42,02%	10.000
<b>Upplýsingatækni samtals .....</b>		<b>35.000</b>
<b>Verslun og þjónusta</b>		
Búr hf. ....	3,38%	3.000
Samkaup hf. ....	2,77%	10.801
<b>Verslun og þjónusta samtals .....</b>		<b>13.801</b>
<b>Hlutafjáreign samtals .....</b>		<b>987.257</b>

Hlutabréf eru bókfærð í árshlutareikningi á 1.046.095 þús.kr.

# Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttigar	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1/1 .....	70.389	0	5.724	76.113
Afskrifað alls 1/1 .....	(20.745)	0	(1.145)	(21.890)
Viðbót á tímabilinu .....		3.219	6.949	10.168
Afskrifað á tímabilinu ..	(974)	0	(572)	(1.546)
Bókfært verð 30/6 .....	<u>48.670</u>	<u>3.219</u>	<u>10.956</u>	<u>62.845</u>
Stofnverð alls 30/6 .....	70.389	3.219	12.673	86.281
Afskrifað alls 30/6 .....	(21.719)	0	(1.717)	(23.436)
Bókfært verð 30/6 .....	<u>48.670</u>	<u>3.219</u>	<u>10.956</u>	<u>62.845</u>
Afskriftarhlutföll .....	2-3%	20%	20%	

## 11. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Gengisbundið:	30.6.2010	31.12.2009
Gengisbundnar eignir .....	11.381.097	13.289.618
Gengisbundnar skuldir .....	13.745.551	14.832.426
Nettó staða gengisbundinna eigna og skulda .....	(2.364.454)	(1.542.808)

Verðtryggt:

Verðtryggðar eignir .....	4.138.611	4.298.063
Verðtryggðar skuldir .....	3.498.676	7.606.178
Nettó staða verðtryggða eigna og skulda .....	639.935	(3.308.115)

## 12. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2010	31.12.2009
Gjaldkræft .....	0	0
Allt að 3 mánuðum .....	213.715	331.018
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári .....	1.242.871	4.435.196
Yfir 1 ár og allt að 5 árum .....	10.114.617	7.072.110
Yfir 5 ár .....	<u>6.632.647</u>	<u>10.600.280</u>
	<u>18.203.850</u>	<u>22.438.604</u>

# Skýringar

---

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 13. Eigið fé

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af svonefndum áhættugrunni. Í lok tímabilsins var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar samkvæmt framansögðu 5,18%.

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárvæðum

	<u>30.6.2010</u>	<u>31.12.2009</u>
Staða í upphafi árs .....	1.129.921	1.544.537
Framlag ríkissjóðs .....	1.000.000	2.600.000
Tap tímabilsins .....	<u>(991.656)</u>	<u>(3.014.616)</u>
	<u>1.138.265</u>	<u>1.129.921</u>
Eiginfjárlutfall .....	<u>5,18%</u>	<u>4,92%</u>

Í lok tímabilsins stóðst stofnunin ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja. Það leiðir til þess að ríkissjóður verður sem eigandi stofnunarinnar að taka til þess afstöðu á síðari hluta ársins hvort halda beri starfseminni áfram í óbreyttri mynd, og þar með nýju eigin fé. Stofnunin er hins vegar í eigu ríkisins og á ábyrgð ríkissjóðs, með vísun i það teljum við að rekstrarhæfi stofnunarinnar sé tryggt og að ekki sé óvissa um rekstrarhæfi hennar.